

Alþingi
Erindi nr. P 133/451
komudagur 1.12.2006



Skipholti 70 • 105 Reykjavík • Sími 553 1277 • Fax 568 4960

Reykjavík 1.12. 2006

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um brottfall laga um iðnaðarmálagjald, nr. 134/1993

Meistarassamband byggingamanna fagnar framkomnu frumvarpi til laga um iðnaðarmálagjald.

Iðnaðarmálagjaldið er lagt á allan iðnað í landinu og rennur gjaldið allt til Samtaka iðnaðarins, sem síðan hafa alræðisvald um útteilingu og ráðstöfun þess. Ljóst er að umtalsverður hluti þessarar skattheimtu kemur frá aðilum sem ekki eru innan Samtaka iðnaðarins. Gjaldið er í raun, eins og segir í framkomnu frumvarpi, ígildi félagsgjalds til Samtaka iðnaðarins.

Það er auðvitað fráleitt að ríkið innheimti félagsgjöld til að bera uppi kostnað við rekstur einna hagsmunasamtaka, sem hafa þó ekki nærri öll fyrirtæki í atvinnugreininni innan sinna vébanda.

Í ljósi þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á ákvæðum stjórnarskrár um félagafrelsi, síðan lög um iðnaðarmálagjald voru fyrst sett í lög telur Meistarassamband byggingamanna að það standist ekki kröfur nútímans að þvinga félög og einstaklinga til að greiða félagsgjöld til samtaka sem menn ekki vilja tilheyra.

Það ríkir enginn friður um þessa skattheimtu, og á það skal bent, að í gangi er mál til ógildingar álagningar iðnaðarmálagjaldsins. Málið er nú komið í hendur Mannréttindadómstóls Evrópu og bíður þar afgreiðslu.

Alþingi á þess kost að taka sjálft af skarið, en láta ekki falla dóm á íslenska ríkið vegna brota á mannréttindum. Meistarassamband byggingamanna bendir sérstaklega á dóm Hæstaréttar Íslands í málinu nr. 315/2005, Vörður Ólafsson gegn íslenska ríkinu þar sem meirihluti dómsins taldi sér ekki fært að fella álagningu iðnaðarmálagjalds úr gildi, að því er virðist, einungis vegna eldra fordæmis.

Virðingarfyllt

f.h. Meistarassambands byggingamanna

Baldur Þór Baldvinsson
Baldur Þór Baldvinsson formaður